



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-02114/AIG-15**

Dags: **27. júlí 2014**

Staður: **Bakkaflugvöllur**

Lýsing: **Ofreis í flugtaki og brotlenti**

Flugmaður á físi TF-170 (V-Max Sky Ranger) hugðist fljúga frá flugvöllinum á Bakka til Vestmannaeyja. Að sögn físlflugmannsins tók físið á loft á um 50 mph hraða og klifraði bratt. Beitti hann því stýrinu fram og dró afl af hreyflinum. Flugmaðurinn dró afl af hreyflinum. Í kjölfarið seig vinstri vængurinn og leitaði



físið rólega til vinstri. Físið missti hæð, brotlenti utan flugbrautar og snérist hálfhring áður en það stöðvaðist. Físlflugmaðurinn var spenntur í belti, en kenndi sér meins eftir brotlendinguna.



Umtalsverðar skemmdir urðu á físinu, en meðal annars vinstri vængur og nefhjól brotnuðu í brotlendingunni ásamt því að lítilsháttar eldur kviknaði í vélarrými. Vel gekk hjá físlflugmanninum að komast út úr físinu eftir

brotlendinguna. Farþegi úr fyrra flugi físsins varð vitni að flugslysinu og hljóp hann að físinu, slökkti á aðalrofa, tók rafgeymi úr sambandi og slökkti eld í vélarrými. Vitnið slökkti einnig á neyðarsendi físsins, hlúði að flugmanni, hringdi á hjálp og tilkynnti slysið.

Rannsóknin leiddi í ljós að engar gangtruflanir voru á fisinu í flugtakinu, en nægt eldsneyti var um borð sem og í biðum í blöndungi. Ekkert fannst að stjórnþækjum fissins, annað en skemmdir sem rekja mátti til brotlendingarinnar. GPS tæki var um borð í flugvélinni og myndbandsupptaka var tekin af flugtakinu, þó ekki brotlendingunni sjálfri en hana má heyra á myndbandinu. Á myndbandinu heyrir þegar afl var dregið af hreyflinum um 3 sekúndum eftir að flugvélin sleppti jörðu. Gögn úr GPS tæki bentu til þess að eftir að flugvélin sleppti jörðu á flugbraut 12 klifraði hún alls 49 fet. Í kjölfarið missti fisið hæð þegar jarðhraði þess féll snögglega úr 36 mph í 12 mph eftir að afl var dregið af hreyflinum. Brotlenti fisið utan flugbrautar um 8 sekúndum eftir að afl var dregið af hreyflinum. Þessi snögga hraðabreyting á jarðhraða fissins gefur til kynna að stýrinu hafi ekki verið beitt fram eins og fisflugmaðurinn ætlaði sér.

RNSA telur að skömmu eftir flugtak hafi flugmaðurinn snögglega dregið afl af hreyflinum án þess að beina stýri næginlega mikið fram, með þeim afleiðingum að fisið ofreis. Í kjölfarið hafi fisið leitað til vinstri og brotlent.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 25. febrúar 2016.